

**FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS  
Xerodent 28,6 mg / 0,25 mg munnsogstöflur**

Eplasyra / Flúor

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega þar sem hann veitir mikilvægar upplýsingar um notkun lyfsins.**

Þetta lyf er fáanlegt án lyfseðils. Engu að síður er nauðsynlegt að nota Xerodent á réttan hátt til að ná sem bestum árangri.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðum.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

**Í fylgiseðlinum:**

1. Upplýsingar um Xerodent og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Xerodent
3. Hvernig nota á Xerodent
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Xerodent
6. Aðrar upplýsingar

**1. UPPLÝSINGAR UM XERODENT OG VIÐ HVERJU ÞAÐ ER NOTAÐ**

Xerodent inniheldur eplasyru. Súra bragðið örvar munnvatnsviðbragðið og eykur þannig munnvatnsframleiðsluna. Töflurnar innihalda natríumflúoríð sem styrkir glerunginn gegn tannátu (tanskemmdum). Töflurnar innihalda sætuefnið xylítól, sem einnig verndar tennurnar gegn tanskemmdum.

Xerodent er notað við kvillum sem stafa af minnkaðri munnvatnsframleiðslu og til að fyrirbyggja tanskemmdir hjá fullorðnum sjúklingum með munnþurrk.

**2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ NOTA XERODENT**

**Ekki má nota Xerodent**

- ef þú ert með ofnæmi fyrir eplasyru, natríumflúoríði eða einhverju öðru innihaldsefni Xerodent.

**Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Xerodent**

Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast notkun annarra lyfja sem innihalda flúor, en þó er í lagi að halda áfram að nota flúortannkrem. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt.

Hættu að taka Xerodent og hafðu strax samband við lækni ef þú færð eitthvert neðangreindra einkenna (ofsabjúg)

- þrota í andliti, tungu eða hálsi
- kyngingarörðugleika
- ofsakláða og öndunarörðugleika

**Meðganga og brjóstgjöf**

Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf.

**Akstur og notkun véla**

Xerodent dregur ekki úr viðbragðsflýti við akstur eða notkun véla.

## **Mikilvægar upplýsingar um tiltekin innihaldsefni Xerodent**

Xerodent inniheldur xylytól sem getur haft hægðalosandi áhrif.

### **3. HVERNIG NOTA Á XERODENT**

Fylgið alltaf fyrirmælum tannlæknisins/læknisins eða tannfræðingsins eða leiðbeiningunum á merkimiða á lyfjapakningunni.

*Venjulegur skammtur fyrir fullorðna:*

1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag.

Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 munnsogstöflur á dag í takmarkaðan tíma.

Látið töfluna bráðna hægt í munni.

Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.

#### **Ef stærri skammtur af Xerodent en mælt er fyrir um er notaður**

Ef of stór skammtur af lyfinu er tekinn inn, eða ef barn hefur í ógáti tekið lyfið skal alltaf hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222) til að láta meta hættuna og fá ráðleggingar.

### **4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR**

Eins og við á um öll lyf getur Xerodent valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

*Algengar (meira en 1 sjúklingur af hverjum 100, en minna en 1 sjúklingur af hverjum 10):* hvítir blettir á tönnunum (flúoreitrun í glerungi).

*Koma örsjaldan fyrir (innan við 1 sjúklingur af hverjum 10.000):* Þroti í slímhúð í munni. Þroti í andliti, vörum, tungu eða hálsi, stundum ásamt andnauð eða kyngingarörðugleikum (ofsabjúgur, sjá einnig Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Xerodent).

### **5. HVERNIG GEYMA Á XERODENT**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Plastglös: Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Þynnur: Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluáðstæður lyfsins.

Ekki skal nota Xerodent eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.

Ekki má fleygja lyfjum í skólplagnir eða heimilissorp. Leitið ráða hjá lyfjafræðingi um hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þetta er gert til þess að vernda umhverfið.

### **6. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

#### **Hvað inniheldur Xerodent**

- Virku innihaldsefnin eru eplasýra 28,6 mg, natríumflúoríð sem samsvarar 0,25 mg af flúor í hverri töflu.
- Önnur innihaldsefni eru xylytól (E 967) 421,5 mg/töflu, tvínatríumfosfattvíhýdrat (E 339), makrógól, natríumsterýlfúmarat, póvídón, appelsínubragðefni, vatnsfrí kísilkvoða (E 551).

#### **Útlit Xerodent og pakkingastærðir**

*Útlit:* Hvítar, kringlóttar, kúptar töflur, 10 mm í þvermál.

*Pakkningastærðir:*

Plastglas: 90 eða 270 töflur.

Þynnur: 270 töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi**

Actavis Group hf.

Reykjavíkurvegi 76-78

IS-220 Hafnarfjörður

Ísland

**Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í júlí 2011**